

Fundargerð

148. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 7. nóvember n.k., kl. 13.30 á skrifstofu HNE á Furuvöllum Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Aðalfundur Eyþings, stutt kynning.

Á aðalfundi Eyþings á Dalvík var starfsemi HNE kynnt og sömuleiðis ársreikningur og lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs. Umræður urðu m.a. um fráveitumál og mikilvægi þess að sveitarfélögin ljúki tilskyldum framkvæmdum sem allra fyrst. Fram kom að ekki er lengur í boði fjárstuðningur frá ríki vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga og e.t.v. er ástæða til að leita eftir endurnýjun á slíku samkomulagi.

3. Aðalfundur SHÍ (Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi) og haustfundur heilbrigðisfulltrúa, kynning á efni fundanna.

Á aðalfundi SHÍ var m.a. fjallað um hugsanlegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitar hvað varðar skipan heilbrigðiseftirlits. Á haustfundi heilbrigðisfulltrúa voru til úrlausnar ýmiss hagnýt verkefni og var almenn ánægja með hvernig tókst til.

4. Fundur Matvælastofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða, kynning á efni fundarins.

Matvælastofnun hélt nýverið fund með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða og þar var. m.a. til kynningar gagnagrunnurinn Ísleyfur og möguleikar á samnýtingu á þeim grunni. Einnig var kynnt staða mála hvað varðar salmonellu og camhylobacter í kjúklingum og þann árangur sem hefur náðst.

5. Kísilkarbíðverksmiðja Saint Gobain á Bakka:

Kynnt var umsögn HNE vegna tillögu að matsáætlun fyrir kísilkarbíðverksmiðju Saint Gobain á Bakka við Húsavík; áætlunin er vönduð og engar athugasemdir gerðar við hana.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Hrísiðn ehf, kt. 530104-2810, Sjávargötu 1, 630 Hrísey, umsókn um starfsleyfi fyrir söfnun, vinnslu og þökkun á heilsujurtum. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Bústólpi, kt. 541299-3009, Oddeyrartanga, 600 Akureyri. Framleiðsla húsdýrafóðurs. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
3. Fóðurverksmiðjan Laxá, kt. 440791-1749, Krossanesi, 603 Akureyri. Framleiðsla húsdýrafóðurs. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**

4. Umsókn kvikmyndafélagsins Pegasus vegna kvikmyndatöku við Mývatn 17.-25. nóvember. **Samþykkt með fyrirvara um samþykki Skútustaðahrepps.**
5. Íslandshótel hf. kt. 630169-2919, f.h. Fosshótel Húsavíkur, endurnýjun og ný kennitala. **Samþykkt.**
6. Hjúkrunarheimilið Lögmannshlið, kt. 410169-6229, Vestursíðu 9, 603 Akureyri. Umsókn um starfsleyfi fyrir hjúkrunarheimili sem leysir af hólmi Kjarnalund og Bakkahlíð. **Samþykkt.**
7. Vaxtaræktin ehf, kt. 4307029-3190, Skólastíg 4, 600 Akureyri, Sigurður Gestsson, sækir um starfsleyfi fyrir sölu á fæðubótarefnum. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
8. SB sport ehf., kt. 580912-0440, Austursíða 2, 603 Akureyri, Stefán Birgisson og María Stefánsdóttir. Umsókn um starfsleyfi fyrir heilsurækt og íþróttapjálfun. **Samþykkt.**
9. Þjónustukjarni, kt. 410169-6229, Vallartún 2, 600 Akureyri. Umsókn um starfsleyfi fyrir fimm þjónustuíbúðir fyrir fatlaða í fjölbýlishúsi. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Heilbrigðisfulltrúar skýrðu frá kvörtunum um ólykt frá jarðgerðarstöð Moltu og fundi um málið að frumkvæði sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar og einnig var skýrt frá vinnufundi með Landsvirkjun vegna starfsleyfisskilyrða fyrir jarðvarmaveitur.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	